

# Reglur um styrkveitingar úr Afurðasjóði Grindavíkurbæjar

## 1. gr. Almenn ákvæði

Stjórn Afurðasjóðs Grindavíkurbæjar starfar á grundvelli laga nr. 74/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar. Reglur þessar eru settar með vísan til 7. gr. laganna.

Markmið reglnanna er að tryggja jafnræði og skýra málsmeðferð við úthlutun styrkja, í samræmi við lög og almennar venjur um afurðatryggingar og áhættuviðmið.

## 2. gr. Umsókn um styrk

Umsókn um styrk skal berast sjóðnum svo fljótt sem kostur er í kjölfar tjóns en eigi síðar en innan tveggja mánaða frá tjónsatburði.

Umsókn um styrk skal skilað rafrænt gegnum vef Afurðasjóðs Grindavíkurbæjar.

## 3. gr. Yfirferð gagna

Stjórn sjóðsins, eða umsýsluaðili fyrir hönd stjórnar, fer yfir innsendar umsóknir og metur hvort öll nauðsynleg gögn fylgi. Ef gögn eru ófullnægjandi kallar stjórn eða umsýsluaðili eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda og veitir hæfilegan frest til að skila þeim. Verði umsækjandi ekki við beiðni um frekari gögn innan tilgreinds frests, verður umsókn synjað.

## 4. gr. Mat á tjóni

Stjórn sjóðsins, eða umsýsluaðili fyrir hönd stjórnar, geta falið sérfræðingum að meta umfang tjóns og fjárhagslegt verðmæti þess. Sérfræðingar þessir geta óskað eftir frekari gögnum frá umsóknaraðila.

Við matið skal ávallt taka mið af ástandi og raunverulegu verðmæti hins skemmda þegar tjónið varð, þ.e. miða skal við raunvirði á því stigi framleiðslu sem varan var á þegar tjónið átti sér stað. Ekki skal miða við framtíðarvirði eða áætlað söluverð.

## 5. gr. Skilyrði styrkveitinga

Styrkveitingar koma aðeins til greina að uppfylltum skilyrðum laga um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar nr. 74/2024.

Ef vettvangi tjóns er spillt áður en sjóðnum gefst kostur á að leggja mat á tjónið skal umsókn synjað.

Fjárhagsaðstoð vegna tjóns verður aðeins veitt hafi tjón orðið innan sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar eins og það er skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins 20. júní 2024.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt á annan hátt, t.d. á grundvelli laga um Náttúruhamfaratryggingar Íslands, nr. 55/1992, og laga um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009.

Fjárhagsaðstoð er ekki veitt vegna tjóns ef um ásetning eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns er að ræða og ef eðlilegar varnir hafa ekki verið viðhafðar til að varna tjóni.

Fjárhagsaðstoð er ekki veitt vegna tjóns sem metið er 500.000 kr. eða lægra.

Fjárhagsaðstoð er ekki veitt vegna matvæla eða fóðurs sem var gallað áður en til tjónsatburðar kom, né vegna matvæla eða fóðurs sem hefur verið geymt lengur en hæfilegt getur talist miðað við tegund þeirra

og eðli né heldur vegna skemmda á þeim sem stafa af of langri geymslu þeirra áður en til tjónsatburðar kom.

*6. gr. Veiting styrkja, styrkhlutfall og eigin áhætta umsækjenda*

Ákvarðanir um veitingu styrkja eru teknar í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins hverju sinni. Með vísan til 7. gr. reglugerðar nr. 1145/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar getur stjórn sett sérstakar reglur um einstaka atburði og skulu þær birtar á vef sjóðsins.

Hámarksstyrkur er veittur umsækjendum, uppfylli þeir skilyrði styrkveitingar, að teknu tilliti til 10% eigin áhættu umsækjenda, þ.e. 90% af metnu tjóni, hrökkvi eign sjóðsins til í hverjum tjónsatburði, en þó með þeim takmörkunum sem styrkveitingu til umsækjenda kann að vera sett með reglum stjórnar um einstaka atburði, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1145/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar. Hrökkvi eign sjóðsins, að teknu tilliti til eigin áhættu umsækjenda og áætluðum rekstrarkostnaði sjóðsins, ekki fyrir hámarksstyrk er styrkhlutfall allra umsækjenda í tjónsatburði lækkað í jöfnum hlutföllum í samræmi við fjárhag sjóðsins.

Styrkfjárhæð, að teknu tilliti til eigin áhættu, miðast að hámarki við innkaupsverð hráefnis og áfallinn kostnað við framleiðsluna miðað við verðlag á tjónsdegi. Styrkfjárhæð vegna annarra vörubirgða eða lagervöru nema að hámarki kostnaði við öflun sambærilegrar vöru. Styrkfjárhæð miðast ekki við áætlað söluverð eða missi hagnaðar.

*Samþykkt á fundi stjórnar Afurðarsjóðs Grindavíkurbæjar, 26. nóvember 2024*